

# Reglugjörð

## Um skipun slökkviliðs og brunamála í Akureyrarkaupstað.

### I. Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

#### 1. gr.

Brunamálanefnd er skipuð 5 mönnum: Formanni bæjarstjórnar, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóra og þremur bæjarfulltrúum er bæjarstjórnin kfs. Kosningar í nefndina fara fram á sama hátt og kosningar í aðrar nefndir bæjarstjórnarinnar að afloknum venjulegum bæjarfulltrúakosningum.

Brunamálanefndin hefir á hendi, undir umsjón bæjarstjórnarinnar, stjórn brunamála kaupstaðarins, að svo miklu leyti sem það ekki ber beinlínis undir slökkviliðsstjóra eða lög-reglustjóra. Hún skal hafa eftirlit með því að ákvæðum brunamálaganna og reglugjörðar þessarar sje í einu sem öllu framfylgt, og fullnægja skyldum þeim, sem henni eru þar á herðar lagðar.

### II. Hver slökkvitól kaupstaðurinn skuli eiga og viðhald þeirra.

#### 2. gr.

Akureyrarkaupstað er skylt auk slökkvitólahúsa að eiga í notfæru ástandi að minsta kosti þessi slökkvitól:

- 3 slönguvagna
- 2 slökkvidælur,
- 2 björgunarstiga,
- Ljósker og önnur smærri áhöld.

Áhöldum þessum skal á kostnað bæjarsjóðs haldið vel við. Slönguvagnarnir og slökkvidæurnar skulu smurðar svo oft sem þess er þörf og dæurnar reyndar að minsta kosti tvisvar á ári. —

Ef brunamálanefnd þykir ástæða til, að auka slökkvitólin, skal hún leggja það til við bæjarstjórnina, að svo verði gert.

#### 3. gr.

Slönguvögnunum og slökkvidælunum sem og öðrum slökkviáhöldum skal skift niður í slökkvitólahúsin eftir því sem slökkviliðsstjórinn ákveður. Slökkvitólahúsin skulu að minsta kosti vera tvö, annað í ytri hluta bæjarins, en hitt í innbænum.

Lyklar að slökkvitólahúsunum skulu vera í vörslum slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og svo margra úr slökkviliðinu sem þurfa þykir. Slökkvitólahúsunum skal haldið vel við á kostnað bæjarsjóðs.

## 4. gr.

157  
26. sept.

Slökkviliðsstjóri hefir undir umsjá brunamálanefndar eftirlit með slökkvitólunum, ber ábyrgð á því að þau sjeu fyrir hendi, og að þeim sje vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefndinni skrá yfir slökkvitól þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið, hver slökkvitól hafi verið keypt á árinu, og hver hafi gengið úr sjer.

III. Hver slökkviahöld húseigandi skuli útvega  
og láta fylgja húsi sínu.

## 5. gr.

Hverju húsi skal fylgja einn krókstjaki hæfilega sterkur og minst 5 metra langur. Ennfremur stigi, er sje svo langur að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins, og tvær skjólur. Þessir hlutir skulu geymdir á tilteknum stað, er sje aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

Bæjarstjórnin getur látið setja í sjerhverju húsi kaupstaðarins slökkvitæki í sambandi við vatnsveitipúr hússins. Húseigandi er skyldur til að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars en þess, að verjast eldsvoða eða slökkva eld.

IV. Skylda borgaranna til að gegna slökkviliðsstörfum  
og skipun slökkviliðsins.

## 6. gr.

Slökkviliðsstjórnin og í forföllum hans varaslökkviliðsstjórnin er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal árlega í blaði, sem gefið er út í kaupstaðnum, hver sje slökkviliðsstjóri, hvar hann býr, og hverjir sjeu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega aldrei vera á brottu úr bænum báðir í senn, nema álvæg sjerstaklega standi á, enda hafi þeir leyfi lögreglustjóra til fjarverunnar.

## 7. gr.

Allir karlmenn í bænum sem til þess verða álitnir hæfir, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, frá því þeir eru 20 ára uns þeir eru 60 ára nema sjúkleiki hamli. Frá þessu ákvæði eru þó sóknarprestur, læknar, lyfsali og símastjóri undanskyldir.

## 8. gr.

Í slökkviliðinu skulu að minsta kosti vera þessir menn: Slökkviliðsstjórnin, varaslökkviliðsstjórnin, áhaldaumsjónarmaður, 36 liðsmenn og 2 brunakallarar.

12 af liðsmönnum skulu vera búsettir í innri hluta Akureyrarkaupstaðar og skal einn af þeim sjerstaklega skipaður til að vera yfirmaður og stjórna þeim ef slökkviliðsstjóri eða varaslökkviliðsstjóri ekki er viðstaddur þegar eld skal slökkva.

157

26. sept.

9. gr.

Bæjarstjórnin skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra eftir tillögum brunamálanefndar. En brunamálanefndin ræður hina aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsina án nokkurs fyrirvara ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum ekki geta gegnt starfi einn í slökkviliðinu.

10. gr.

Slökkviliðsstjóri — ef starfið er ekki sameinað öðru starfi sem árslaun eru greidd fyrir úr bæjarsjóði — hefir 300 kr. laun á ári og varaslökkviliðsstjóri 100 kr. Hinir almennu liðsmenn slökkviliðsins fá kr. 1,50 fyrir hverja klukkustund sem þeir vinna að því að slökkva eldsvoða, og að auki 1 kr. fyrir að gegna kalli til eldsvoða. Við æfingar og við varðþjónustu, hvers konar sem er, fá þeir 1 kr. fyrir hverja klukkustund. Kaup áhaldaumsjónarmanns skal ákveðið með samningi. Úr bæjarsjóði greiðast að fullu skaðabætur fyrir skemdir á fatnaði slökkviliðsmanna og annara er vinna að því að slökkva eld.

11. gr.

Bæjarstjórnin ákveður eftir tillögu brunamálanefndar hver einkenni slökkviliðið skuldbera þegar það er að starfi sínu.

12. gr.

Slökkviliðsstjórnin stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á því að ávalt séu nógu margir í slökkviliðinu og að það sje vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið og alt hvað gera skuli til að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki láta rífa niður hús til varnar útbreiðslu eldsins, nema samþykki lögreglustjóra- eða þess er fer með umboð hans við eldsvoðann — komi til, Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sje hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórnina á hendi sá af liðsmönnum er slökkviliðsstjóri hefir yfirframt ákveðið til þess.

13. gr.

Sjerhver slökkviliðsmaður er að viðlagðri sekt skyldur að mæta til æfinga og til að slökkva eld þegar hann er til þess kallaður hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins og hliða þá í einu sem öllu því sem yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanns yfirgefa eldsvoða áður en slókt er eða slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið

14. gr.

Lögreglustjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Auk hans eru í lögreglusveitinni lögregluþjónar bæjarins, dagverðir og næturverðir, og ennfremur 6 menn er lögreglustjóri kveður til þess úr flokki þeirra sem skyldir eru til að vera í slökkviliðinu. Lögreglustjóri ákveður skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skyld er lögreglusveitinni að viðhalda góðri reglu við

eldsvoða, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um að engir óvlið- **157**  
komandi meðan gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burt. **26. sept.**

## V. Um vstnstöku, vatnsburð o. fl.

### 15. gr.

Vatn til að slökkva eld, sem og til æfinga skal tekið úr brunahönum bæjarins. Það er á ábyrgð umsjónarmanns vatnsveitunnar og slökkviliðsstjóra, að allir brunahanar sjeu óskemdir og ávalt í notfæru ástandi hvenær sem vatn þarf að taka úr þeim. Sje þess vandlega gætt að moka snjó frá þeim þegar þá fennir í kaf og á tímabilinu frá 1. október til 1. júní skal einu sinni á mánuði sannprófa að þeir sjeu óskemdir. Enginn má taka vatn úr brunahönum eða hreyfa við þeim að nelnu leyti, nema hann hafi fengið til þess leyfi slökkviliðsstjórans og umsjónarmannsins.

### 16. gr.

Skylt er sjerhverjum húselganda að leyfa að vatn sje tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva með eld, gegn fullu endurgjaldi úr bæjarsjóði fyrir skemdir á húsi og öðrum fjármunum, sem af því hlýat, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir í veg fyrir að slökkvilið hefi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu. Meðan verið er að slökkva eldsvoða eru bæjarbúar skyldir til að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti vatn aðeins til nauðsynlegustu heimilisþarfa.

### 17. gr.

Ef hús brennur þar sem vatnsveita liggur ekki að, eða ef vatn úr brunahönum næg-  
ir ekki, er sjerhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til að flytja vatn, og leyfa að  
vatn sje tekið úr vatnsbólum þeim, sem á lóð hans eru, eða hann hefir umráð yfir. Ef tæki  
sem lánað hefir verið, skemmist eða týnist, skal fult endurgjald koma fyrir úr bæjarsjóði.

### 18. gr.

Það er skylda hvers og eins, sem er viðstaddur eldsvoða hvort sem hann er í slökkvi-  
liðinu eða ekki, að láta í tje alla þá aðstoð, sem hann getur, ef slökkviliðsstjórnin krefst þess  
og hlýða í öllu fyrirrákjunum slökkviliðsstjóra.

## VI. Um skoðun eldfæra og reykháfa.

### 19. gr.

Bæjarstjórnin skal einu sinni á ári hverju í október eða nóvembermánaði láta skoða  
eldfæri og reykháfa í öllum húsum bæjarins, og líta eftir að þau sjeu útbúin lögum sam-  
kvæmt og að reykháfar hafi verið tillhlýðilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir  
og önnur eldfim efni sjeu geymd sem vera ber. Komi það í ljós við skoðunina að einhverju  
sje ábótavant í þessu, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húselganda stuttan  
frest til að fá það lagfært, og skal þá að honum liðnum ný skoðun fara fram. Komi það í  
ljós við hina síðari skoðun að enn sje ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal taf-

**157** arlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brot-  
26. sept. lega og skyldar hann til að færa í lag það, er lagfæra þarf.

#### VII. Um brunaboðun.

##### 20. gr.

Það er skylda hvers eins er verður eldsvoða var, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturvörður skal á göngum sínum um bæinn hafa sjerstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum og tilkynna það þegar í stað og fá aðra til að tilkynna það slökkviliðsstjóra og öðrum úr slökkviliðinu, lögreglustjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gjörð, slökkviliðið kallað til með því að hefja brunakall um bæinn með brunalúðri.

#### VIII. Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

##### 21. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða annarsstaðar á almanna færi, eða milli húsa, eða á gördum má eigi setja lausar eldstór eða bráðabirgðahlóðir til eldunar, nema leyfi sje veitt til þess í hvert skifti af slökkviliðsstjóranum og ákveður hann þá hvernig eldstæðið skuli útbúið og hverra varúðarreglna skuli gæta. Þegar slík eldun er leyfð, skulu menn ávalt vera við eldinn. og má eldunin ekki fara fram, ef þar nálægt er geymt mikið af eldnæmum efnum.

Hjú sama er og um lýsisbræðslu, tjörugjörð og bikgjörð undir beru lofti. Í húsum inni má ekki hafa slíkt um hönd á náttarþeli.

Milli húsa eða úti við má ekki bera eldglaður nema í lokuðum málmkössum.

##### 22. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús nema með samþykki brunamálanefndar og veitir brunamálanefndin því aðeins samþykki til þess, að af því geti ekki stafað veruleg eldshætta. Mikið af viði og borðum má því aðeins hafa fyrir utan hús þar sem slökkviliðsstjóri leyfir. Ákveður hann um leið hve stór hver trjástakkur megi vera, hve langt bil skuli vera milli þeirra, og minstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó aldrei má vera minni en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki leyft að hafa viðarstakk hærrí en 6 metra, ekki stærri að flatarmáli en 40 metra, enda standi þá einnig stakkarnir ekki nær hver öðrum en 2 metra og ekki nær næsta húsi en 6 metra.

##### 23. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpentínu, bensíni eða áþekktum lýsingarvökvum, skal hjergreindum varúðarreglum fylgt:

- a. Sju birgðirnar meira en 800 lítrar, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, þótt birgt sje í lokuðu ljóskeri, ekki kveykja á eldspýtu nje reykja þar tóbak. Heldur ekki mega þar vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur.
- b. Sju birgðirnar ekki meira en 800 lítrar, og þær geymdar utan húss í gördum eða hús-

u.n, sem engin íbúð er í, má því aðeins bera þar um ljós, að það sje í lokuðu ljóskeri, **157**  
 en eld má þar ekki kveykja nje bera. Ekki má þar heldur tappa ljósvökva úr tunnuna 26. sept.  
 eða stærra fláti við ljós, nema ljósið sje geymt í lokuðu ljóskeri og það látið hanga a,  
 m. k. í 2. metra fjarlægð:

- c. Birgðir alt að 200 lítrum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmfláti eða lokuðum flöskum.
  - d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er um með eld eða ljós má ekki tappa úr flátum neitt ljósmeti, sem er svo eldfimt, að í því kvikni við 40 gr. hita hundradamæli (C).
  - e. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsi, skal gæta als hreinlætis. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað svo vel sem hægt er. — Í húsinu má ekki geyma eldnæma hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sje höfð ábreiða, sem ekki er eldnæm.
- Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af ofangreindum ljósvökvum, má engin vinna fara fram nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sje ávalt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo að óviðkomandi komist þar ekki inn.
- f. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg, þar sem það er auðvelt til aflestrar.

#### 24. gr.

Í smíðahúsum handiðnamanna, sem fást við trjesmiði, skal gæta þessara varúðarreglna:

- a. Eld má ekki fara með nema í eldstæðinu eða ofninum og ekki má reykja þar tóbak.
- b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nál að minsta kosti 8 c. m. út á alla vegu. Kantur málmplötunnar skal beygður upp á við.
- c. Kertaljós má því aðeins nota, að það sje haft í ljóastjaka úr málm og nauðsynlegrar varúðar gætt við meðferð þess. Sje borðlampi notaður skal hann standa á þungum fæti. svo að ekki sje hætt við að hann velti um koll.
- d. Ekki má fleygja eldspýtu á gólfíð þegar kveykt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún ekki geti kveykt frá sjer.
- e. Trjespæmir, hey eða aðrir slíkir eldnæmir hlutir mega ekki liggja dreyfðir um smíðahússgólfíð dag frá degi. Á hverjum degi að endaðri vinnu skal þeim sópað saman og þeir bornir burt úr smíðahúsinu eða þeim komið fyrir á sjerstökum stað í húsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af trjespónum skal geyma í lokuðum klefum, þar sem engin sjerstök eldhætta getur stafað af.
- f. Miklar birgðir af trjesmiðaefni mega ekki liggja í göngum nje í stigum og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sjerstakt leyfi slökkviliðsstjóra komi til. Handiðnamenn, sem fást bæði við trjesmiði og járnsmíði, mega ekki geyma meira viðarsmiðaefni í járnsmíðju sinni en þarf til þess, að vinnan verði int af hendi viðstöðu og tafarlaust.
- g. Þegar vinnu er lokið að kvöldi og áður en smíðir fara úr smíðahúsinu skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki inn í það.
- h. Í sjerhverju smíðahúsi skal vera sjerstakur vatnskrani með víðfestri slöngu.
- i. Í sjerhverju smíðahúsi skal prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sje hlýtt, og að hinnar mestu varúðar sje að öllu leyti gætt í allri meðferð á eldi eða ljósi.

## IX. um slökkviliðið.

157  
26. sept.

## 25. gr.

Slökkviliði bæjarins skal þannig skift:

1. Björgunarflokkur	7 menn
2. Húsrífsflokkur	3 —
3. Vatnsslönguflokkur	16 —
4. Stiga flokkur	6 —
5. Brunahanaflokkur	4 —
6. Brunaboðar.	4 —

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir 5 hina fyrstnefndu flokka

## 26. gr.

- a. Björgunarflokknun er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum svo fljótt sem unt er. Fyrsta verk hans skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast og undantekningarlaust.

Öllu, sem hann bjargar, skal hann fara vel með og koma því á svo óhultan stað, sem unt er.

Enga björgun má hann framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað.

Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sjerstaklega snúið sjer til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.

- b. Húsrífsflokkurinn skal hafa á hendi að rífa það sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skulu þeir ávalt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum.
- c. Vatnsslönguflokkurinn skal koma slöngunum svo fyrir, að þægilegt sje að drepa eldinn, eftir fyrirskipunum yfirmannanna.
- d. Stigaflokkurinn skal sjá um, að stigar sjeu til eftir þörfum, reisa þá upp, þar sem þeim er fyrirskipað, og sjá um, að þeir sjeu svo tryggilega útbúnir, að ekki stafi hætta af. Ennfremur skulu þeir hjálpa til með brunarörin.
- e. Brunahanaflokkurinn skal sameina slöngurnar brunahönnunum og skrófa þá til eftir því sem slönguliðið óskar og yfirmenn fyrirskipa.
- f. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra. Sje það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um að hann hafi orðið þeirra var.

Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu og húsnúmer, þar sem eldurinn er.

Skyldir skulu þeir, að afloknum útblástri, til að mæta á brunastaðnum og láta slökkviliðsstjóra þegar vita af þjer, til frekari fyrirskipana. Loks skulu þeir skyldugir að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

## 27. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sjer sjerstaklega far um að taka öllu með gætni og stillingu og vera skjótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

## 28. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunamálareglugjörð bæjarins, vanda um við þá, sem gera sig seka í því, og ef þeir ekki hlýða aðvörunum þeirra, að gera slökkviliðsstjóra aðvart, svo fljótt sem hægt er.

## 29. gr.

Allir liðsmenn, að undanskildum björgunarflokksmönnum, eru skyldir að mæta á brunastöðinni, nema þeir sjeu þess fullvissir, að öll áhöld sjeu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu standi.

Enginn má fara af brunastaðnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

Engin forföll eru tekin gild önnur en veikindi eða fjarvera úr lögsagnarumdæmi kaupstaðarins.

## 30. gr.

Rjettindi liðsmanna eru þessi:

1. Kaup við æfingar 1 króna fyrir hverja klukkustund, en við bruna kr. 1,50.
2. Full endurgreiðsla á skemdum á fötum eða öðru eignatjóni, sem orsakast af aðstoð hans við bruna.
3. Verði slökkviliðsmaður fyrir slysi við bruna, sem orsakar vinnutap, læknishjálp, spítala-legu eða aðra aðhjúkrun, skal hann af bæjarfje fá skaða sinn endurbættan eftir mati þriggja manna, er skipaðir sjeu þannig, að bæjarstjórn Akureyrar tilnefni einn þeirra, slökkvilið Akureyrar annan og stjórnarráð Íslands hinn þriðja, er sje oddamaður.

Sama rjett til endurgjalds hefir sá maður utan slökkviliðsins, sem slasast við verk er slökkviliðsstjóri hefir skipað honum að vinna við eldsvoða.

Nú deyr maður af slysi því, er bæta bar fyrir, samkvæmt framanrituðu ákvæði, og fær þá ekkja hans og börn skaðabætur eftir mati nefndarinnar. Láti hann hvorki eftir sig ekkju nje börn, en farlama foreldra, fái þeir helming skaðabóta, er ekkja eða börn mundu hafa fengið.

## X. Sektarákvæði o. fl.

## 31. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki alt að 50 króna sekt fyrir afbrot sitt, er renni í bæjarsjóð Akureyrar.

## 32. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. nóv. 1919 og er þá um leið úr gildi feld reglugjörð fyrir eldvarnar og slökkviliðsið á Akureyri 30. nóv. 1908.

Framanskráð reglugjörð, sem samin er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 42 frá 20. október 1905 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 26. sept. 1919.**

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*